

Skilgreiningar og lýsingar á athyglisbresti með ofvirkni – ADHD

Hér á eftir fara lýsingar og skilgreiningar helstu sérfræðinga á ADHD. En þar sem rannsóknum fjölgar stöðugt og þekkingu fleygir fram er ekki loku fyrir það skotið að þessar lýsingar taki einhverjum breytingum á komandi árum.

Þetta yfirlit yfir tilraunir til skilgreininga á ADHD ætti þó að rúma skoðanir flestra um þessar mundir.

- ADHD er taugafræðileg röskun sem einkennist af langvarandi athyglisvanda, hvatvísi og í sumum tilvikum, ofvirkni. Einkenni eru ekki í réttu hutfalli við þroska barnsins.
- ADHD er röskun sem hefur áhrif á getuna til að stjórna virkni (hreyfiofvirkni), til að stöðva hegðun (hvatvísi) og til að einbeita sér að verkefnum (athyglisbrestur) á aldurssvarandi hátt.
- ADHD er skerðing í starfsemi taugakerfisins á því svæði í heila þar sem hvatastjórn og innri verkstjórn (“executive functions”) eiga sér stað.
- ADHD skerðir framkvæmdagetu og veldur erfiðleikum við að hegða sér í samræmi við þekkingu.
- ADHD er líffræðileg röskun sem veldur börnum erfiðleikum við sjálfsstjórn og markmiðsbundna hegðun.
- ADHD er seinkun eða skortur á þroska sjálfsstjórnar og hvatastjórnunar.
- ADHD er röskun sem rekja má til frávika í gerð og starfsemi taugaboðefna í miðtaugakerfinu.
- ADHD er hegðunarmynstur sem hefur stöðug og alvarleg áhrif á daglegt líf.
- ADHD er röskun sem lýsa má sem vídd og einkenni ADHD koma fram í einhverjum mæli hjá öllum. Hjá einstaklingum með ADHD eru einkennin það alvarleg að þau trufla aðlögun þeirra og eru í ósamræmi við þroska miðað við jafnaldra.
- ADHD er algengasta taugafræðilega hegðunarröskunin hjá börnum og er meðal algengustu heilbrigðisvandamála barna á skólaaldri. Kjarnaeinkenni eru athyglisvandi, ofvirkni og hvatvísi.
- ADHD er röskun á þroska sjálfsstjórnar sem kemur fram í vanda varðandi athygli, hvatastjórn og virknistjórn.
- ADHD er líffræðilegt ástand sem stafar aðallega af erfðum og veldur frávikum í taugaproska. Röskunin hefur ýmsar birtingarmyndir.
- ADHD er hegðunarröskun af taugafræðilegum toga og veldur mjög breytilegri og óstöðugri hegðun.